

Reykjavík, 5. apríl 2019

Niðurstaða athugunar á þarfagreiningu og varðveislu gagna hjá Tryggingamiðlun Íslands ehf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun í desember 2018 á þarfagreiningu og varðveislu gagna hjá Tryggingamiðlun Íslands ehf., en Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með viðskiptaháttum váttryggingamiðlara samkvæmt 1. mgr. 59. gr., sbr. 28 gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort félagið framkvæmdi viðunandi þarfagreiningu áður en váttryggingarsamningar eru gerðir við væntanlega váttryggingartaka og hvort áskilinn rökstuðningur fylgi þeim ráðleggingum sem félagið leggur til hverju sinni. Jafnframt var athugað hvernig persónuupplýsingar eru geymdar og hvernig aðgangstakmörkunum er háttáð vegna þeirra persónuupplýsinga sem aflað er hjá væntanlegum váttryggingartökum.

Í tengslum við athugunina fóru fulltrúar Fjármálaeftirlitsins á starfsstöð félagsins og fengu þeir kynningu á starfsemi félagsins og hvernig persónuupplýsingar viðskiptamanna eru geymdar. Til að skoða þarfagreiningu og rökstuðning sem fylgir ráðleggingum félagsins tóku fulltrúar Fjármálaeftirlitsins sex úrtök af nýlegum þarfagreiningum félagsins vegna persónutrygginga.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í mars 2019. Gerð var athugasemd við að í tveimur tilvikum fylgdi þarfagreining ekki sölu á váttryggingu auk þess sem þarfagreiningarformið sem félagið notast við í starfsemi sinni var ekki fyllt út gaumgæfilega í öllum tilvikum. Framangreind athugasemd byggir á 31. gr. laga nr. 32/2005, sem kveður á um þarfagreiningu og ráðgjöf til viðskiptavina.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfu um að Tryggingamiðlun Íslands ehf. geri viðeigandi úrbætur vegna framangreindrar athugasemdar.